



Varðandi Ingólfsstyttu í Noregi

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Dómsmálaráðherra – Heilbrigðismálaráðherra –
Iðnaðarmálaráðherra – Bréf – Þorleifur Thorlacius – Árni G. Eylands – Kvæði: Ingólfur í Hrífudal –
Sendiráð Íslands í Osló

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-27, Örk 2

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 13. júlí 1961.

Db. 3.G.3.
(óskast tilgreint í svari)

Ég leyfi mér að senda hér með til athugunar ljósrit af bréfi, dags. 7. þ.m., frá Haraldí Guðmundssyni, sendiherra í Osló, varðandi afhendingu Ingólfsstyttunnar o.fl.

Væntanlega er heppilegast að bíða með að taka endanlega ákvörðun um boð af hálfu íslenzku fulltrúanna þar til nánari upplýsingar liggja fyrir um dagskrá Norðmanna. Hinsvegar virðist ljóst, að boð verði ekki unnt að halda í landi (nema í Bergen) og því ekki um annað að ræða en "Heklu", og þá væntanlega síðdegisboð, ef Norðmenn efna til kvöldverðarboðs hjá sér.

Hinsvegar væri æskilegt að fá álit nefndarmanna sem fyrst um, hvort þeir telji æskilegt, að halda boð í Bergen eins og getið er í bréfinu, svo að hægt sé að svara spurningum sendiherrans á bls. 3 til bráðabirgða.

Þá kemur fram í bréfinu, að Jens Haugland, dómsmálaráðherra Noregs muni væntanlega veita styttnni viðtöku.



Herra
Dómsmálaráðherra Bjarni Benediktsson,
R e y k j a v í k .

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 13. júlí 1961.

Db. 3.G.3.
(óskast tilgreint í svari)

Ég leyfi mér að senda hér með til athugunar ljósrit af bréfi, dags. 7. þ.m., frá Haraldí Guðmundssyni, sendiherra í Osló, varðandi afhendingu Ingólfsstytunnar o.fl.

Væntanlega er heppilegast að bíða með að taka endanlega ákvörðun um boð af hálfu íslenzku fulltrúanna þar til nánari upplýsingar liggja fyrir um dagskrá Norðmanna. Hinsvegar virðist ljóst, að boð verði ekki unnt að halda í landi (nema í Bergen) og því ekki um annað að ræða en "Heklu", og þá væntanlega síðdegisboð, ef Norðmenn efna til kvöldverðarboðs hjá sér.

Hinsvegar væri æskilegt að fá álit nefndarmanna sem fyrst um, hvort þeir telji æskilegt, að halda boð í Bergen eins og getið er í bréfinu, svo að hægt sé að svara spurningum sendiherrans á bls. 3 til bráðabirgða.

Þá kemur fram í bréfinu, að Jens Haugland, dómsmálaráðherra Noregs muni væntanlega veita styttni viðtöku.



Herra
Dómsmálaráðherra Bjarni Benediktsson,
R e y k j a v í k .

OSLO 7. júlí 1961.

Db. 8. N. 1.

Kæri vinur,

Með vísan til viðræðna við Ingólfsstyttnunefndina 5. júní s.l. og bréfs þíns dags. 19. f.m., þykir mér rétt að skýra frá eftirfarandi:

Þegar eftir heimkomu mína til Oslo átti ég tal við utenriksráð Ræder og protokollsjef Mohr og spurðist fyrir um, hversu hogað yrði móttöku Ingólfsstyttunnar, sem er fyrirhuguð þjóðargjöf Íslendinga til Norðmanna og verður afhent og afhjúpuð í Rivedal sunnudaginn 17. september n.k.

Hinn 23. júní áréttaði ég svo fyrirspurnir mínar bréflega og tilkynnti jafnframt, að dómsmálaráðherra Bjarni Benediktsson mundi afhenda styttuna fyrir Íslands hönd og að í för með honum á Heklu yrðu aðrir meðlimir nefndarinnar, ca. 5, og auk þess væntanlega fulltrúar fyrir Reykjavíkurbæ. Þá gat ég þess og, að gert væri ráð fyrir, að allstór hópur íslenskra ferðamanna, a.m.k. 50-100 manns, mundi einnig verða með skipinu og að fyrirhugað væri, að það færi ca. þriggja daga skemmtisiglingu um firðina á vesturströnd Noregs, eftir burtförina frá Rivedal.

Þá óskaði ég eftir því að fá sem fyrst upplýsingar um, hver taka mundi við gjöfinni fyrir Noregs hönd og hvort fyrirhugaður væri mannfagnaður í sambandi við móttökuna, og þá hversu honum yrði háttað. Einnig skýrði ég frá því, að íslensku fulltrúarnir hefðu í huga, að efna til hófs fyrir norska boðsgesti og óskaði ábendinga um, hvaða stund og stað væri heppilegast að ákveða til slíks.

Formlegt svar hefi ég ekki fengið enn við þessu bréfi mínu. En í óformlegum viðtölum hefi ég fengið þessar upplýsingar:

Það mun nú ákveðið, að dómsmálaráðherrann, Jens Haugland, tekur við gjöfinni. Auk hans mæta einhverjir opinberir fulltrúar, fylkismaðurinn o.fl. Hve margir og hverjir er ekki ákveðið enn. Nefnd hefir verið talan 3 eða 5-6. Gert mun ráð fyrir, að sérstakt skip, einn af "fylkesbátene" flytji fulltrúana

Hr. deildarstjóri
Þorleifur Thorlacius,
utanríkisráðuneytið,
R e y k j a v í k .

og aðra norska gesti til Rivedal, og að Norðmenn bjóði íslenzku fulltrúunum til veizlu um borð í því skipi að kvöldi afhendingar- daginn. Í fyrstu var ráðgert að veizla Norðmanna yrði haldin að Balestrand, en nú er mér tjáð, að hótelin við Sognsæ loki 15. september.

Um veizlu Íslendinga fyrir Norðmenn, sem mér var falið að athuga, er þetta að segja. Engir möguleikar virðast vera á því, að halda þá veizlu í landi, hvorki í Rivedal né Holmedal, sem mun vera smáporp um 5. km. frá Rivedal. Á síðari staðnum mun að vísu vera "félagshús", en ekki þannig útbúið, að "samkvæmis- hæft" geti talist, er mér sagt. Mér virðist því ekki annað fært, ef efnt er til samkvæmis við Rivedal, en að hafa það um borð í Heklu. Um kvöldveizlu getur ekki orðið að ræða, ef Norðmenn hafa sína kvöldveizlu þann 17. Hins vegar væri sennilega hægt að hafa "cocktails" á tímabilinu milli afhendingarathafnarinnar og veizlu Norðmannanna. Hvort "túristunum" yrði boðið að vera með, sem auðvitað væri skemmtilegast, verður að fara eftir því, hvort þjónustulið "Heklu" getur annað því. Sennilega verður einhver mannfagnaður í landi eftir afhjúpunina og gætu þá "túristarnir" tekið þátt í honum eða farið í "sightseeing"-ferð, þótt lítið muni að sjá í nágrenninu, ef ókleift reynist að bjóða þeim til móttökkunnar um borð í Heklu. Sjálfum finnst mér á allan hátt skemmtilegast að geta haft samkvæmi þetta um borð í Heklu, þ.e. á "íslenzkri grund", og sé aðeins um venjulegt "cocktail-party" að ræða, eðlilegast að "túristarnir" séu með. Eg þykist vita að íslenzku fulltrúarnir hafi hugsað sér að bjóða til miðdegis- eða hádegisverðar. Erfitt yrði að hafa "túristana" með í slíkri veizlu, ef þeir skyldu verða margir, segjum um eða yfir eitt hundrað. Slíka veizlu yrði auðveldast að hafa í Bergen, t.d. þann 19., annað hvort í Heklu eða á veitingahúsi í borginni. "Túristarnir" gætu þá skoðað sig um í bænum á meðan veizlan yrði haldin. Sá galli er þó á þessu, að óvíst er, að allir þeir, sem ástæða þætti til að bjóða og koma til Rivedal, gætu þegið boð í Bergen 19. september. Hins vegar væri hægt að bjóða þangað einhverjum af þeim mönnum, sem stóðu fyrir móttöku Egilsfaranna 1957. - Nefni þetta í sambandi við umræðurnar á fundi Ingólfs- styttunefndarinnar 5. júní.

Allt er þetta í lausu lofti ennþá og verður svo þar til ég fæ "prógrammið" frá Ud. En eins og nú stendur finnst mér tiltækilegast að hugsa sér: Móttöku, "cocktail", um borð í Heklu eftirmiddag 17. september fyrir alla Íslendinga um borð og norska resti og síðan hádegis- eða kvöldveizlu í Bergen, sem íslenzku

fulltrúarnir tækju þátt í og biðu til norskum fulltrúum og öðrum,
er ástoða þetti til.

Að því er annan undirbúningur snertir:

Stöpullinn verður tilbúinn með áletrunum í Larvik
1. ágúst. Steypuvinnu og lagfæringar í Rivedal verður lokið
fyrir þann tíma. Styttan er tilbúin í Höfn. Mun ég sjá um,
að stytta og stöpullinn verði send til Bergen fyrstu daga í
ágúst. Fylkesmann Schei hefir falið vegamálaæstjóranum í Sogn
og Fjordane að sjá um flutninginn frá Bergen til Rivedal og um
að reisa stöpul og stytta. Herra Kyllingstad, myndhöggvarinn,
fór til Rivedal í júní og ákvað með vegamálaæstjóranum, hvaða
lagfæringar gerðar skyldu á umhverfi styttunnar. Treysti ég
því, að þetta gangi allt eftir áætlun. Fylkismaðurinn, Schei,
kemur hingað til Oslo um miðjan þenna mánuð og munum við þá
ganga frá þessum atriðum öllum. Mun ég einnig ræða við hann um
væntanleg veizluhöld Íslendinganna og leita álits hans. Og
vonandi fa ég eitthvað meira að vita frá Ud. áður langt um líður.

Vegna undirbúningsins undir veizlubod Íslendinganna
þyrfti ég að fá að vita sem allra fyrst:

1. Hve margir opinberir fulltrúar koma og hvort konur þeirra
verða með.
2. Hve margir "túristar" gera má ráð fyrir að verði með.
3. Hvort unnt er að hafa móttöku, "cocktail", um borð í Heklu
þann 17. og hafa "túristana" með í því boði.
4. Hvað nefndin segir um hádegis- eða kvöldveizlu í Bergen,
um borð eða í landi, án túrista, og hvaða Norðmönnum hún
telur þangað ætti að bjóða. Veizlu fyrir 30-50 manna tel
ég líklegt væri hægt að halda um borð í Heklu. Ráðherrar,
fylkismaður, oddviti Fjalar og opinberir fulltrúar eru
sjálfsagðir gestir, svo og borgarstjóri Bergen o.fl., o.fl.
Egilsfarar gestgjafar, sem til næst, væri og viðeigandi að
hafa með.

Þetta er orðið langt mál, en því miður losaralegt, enda
hripað í flýti. Skrifa aftur að fengnum nánari upplýsingum. Vildi
láta þig vita nú þegar, hvernig málin standa nú, svo að þú getir
skýrt nefndinni frá því og fengið álit hennar og ákvarðanir.

Gisver-Krogh hefir lofað að aðstoða við allan undir-
búning í sambandi við komu "Heklu" til Rivedal og skemmtisiglinguna
um firðina á vesturetröndinni. Verzt hve orðið verður áliðið sumars
o. natarmyrkur langt. Mun Gisver-Krogh þegar hafa skrifað Þorleifi

Á Ferðaskrifstofunni Ábendingar sínar. Ritland mun og veita alla
þá fyrirgreiðslu, sem óskað er eftir og hann getur í té látið.

Slæ svo botninn í bréf þetta. Berðu kunningjum kærar
kveðjur, og alveg sérstaklega Guðrúnu frá okkur hjónum.

Þinn einlægur

OSLO 30. ágúst 1961.

Db. 8. N. 1.

Nr. 357.

Stytta Ingólfs Arnarsonar.

Br.rn.nr.181, 15/8'61.

Br.rn.nr.186, 22/8'61.

Db. rn. 3. G. 3.

Með vísan til ofanskráðra bréfa og viðtala við ráðuneytisstjóra í dag, vill sendiráðið skýra frá eftirfarandi:

Sendiráðið sendir í dag boðskort vegna móttökunnar í Heklu 17. september til þeirra manna er taldir eru upp á endanlegum lista fylkismanns Schei, ca. 27 alls, og auk þess til eftirtalinna:

Konsul Ritland og frú, Pastor Hope og frú, Grétar Svanberg, form. Íslendingafélagsins í Bergen, Dr. Magerøy og frú, frú Glatved Prahl, Haugland, dómsmálaráðherra, sgrfrá, Departementeråd Ryssdal, Protokollejef Mohr, skipstjórans á fylkisbátum, Jóns Sigurðssonar, Bergen, Staale Kyllingstad, myndhöggvara.

Alls verða þetta nálegt 50 manns að meðtöldum sendiherra og Árna G. Eylands, með konum, ef allir koma.

Frú Andersen-Rysset og Rannveig, dóttir hennar, geta því miður ekki komið vegna heilsufarsfrúarinnar. Þakka þær innilega fyrir boðið.

Utanríkisráðuneytið hér hefur sent sendiráðinu boðskort vegna miðdegisverðar um borð í fylkisbátum, Sunnfjord, 17. september, til þeirra Íslendinga, sem greinir í bréfi ráðuneytisins nr. 181. Nafn varamanns Gylfa Gíslasonar hefur sendiráðið enn ekki fengið. Væri eskilegt að fá það sem fyrst.

Sendiherra hefir tilkynnt Schei, fylkismanni, að boð hans að Hermansverk sé með þökkum þegið og að Hekla suni verða þar um kl. 5 síðdegis 18. september.

Utanríkisráðuneytið,

R e y k j a v í k .

- 2 -

Fylkismaðurinn hefir tjáð sendiherra, að séð muni verða um farkost fyrir íslensku fulltrúana milli Holmedal og Rivedal, svo og fyrir aðra farþega.

Það skal tekið fram, að móttakan í Heklu hefst kl. 15 og stendur yfir til kl. 17. Veizla Norðmanna hefst kl. 18,30 og er þá gert ráð fyrir að afhjúpunarathöfnin hefjist kl. 12 á hádegi.

Varðandi hádegisverðinn um borð í Heklu í Bergen þann 19. þetta:

Á lista Schei, fylkismanns, eru 23 nöfn. Vantanilega er rétt að bjóða einnig öllu eða flestu því fólki, sem boðið er til móttökunnar 17., um fram lista fylkismannsins og að framan greinir. Þess skal þó getið að Haugland, ráðherra, hefir tjáð sendiherra, að hann geti því miður ekki tekið þátt í veizlunni og sennilega protokollsjef Mohr ekki heldur. Í stað ráherrans matir þá departementarád Ryssdal.

FRÁSÖGN

til nefndarmanna í Ingólfsnefnd.

1. Á fundi Ingólfsnefndar um daginn var skýrt frá því, að fylkesmann Schei hafi boðið farþegum "Heklu" að koma við í Hermannsverk og þiggja hjá honum hressingu. Forstjóri Skipaútgerðar ríkisins telur þetta geta samrýmst áætluninni. Hefi ég því beðið Harald Guðmundsson að tilkynna fylkesmann Schei, að boð hans sé þegið með þökkum. Til Hermannsverk verður komið mánudaginn 18. sept., væntanlega um 5-leytið.

2. Forstjóri Skipaútgerðar ríkisins hefur tilkynnt með síma, að óhjákvæmilegt sé að hækka fargjöldin, eins og Eimskip og flugfélögin hafa gert. Ekki gat hann sagt neitt um, hvort þessi hækkun kynni að hafa áhrif á þátttökuna.

3. Haraldur Guðmundsson hringdi í mig 19/8 aðallega varðandi hádegisverð í Bergen, sem hann telur viðeigandi að verði haldinn og leggur til, að svo verði gert og þá um borð í "Heklu". Tók H.G. ennfremur fram, að fylkesmann Schei hefði látið orð falla um, að það mundi vel séð, ef slíkur hádegisverður yrði haldinn. Ekki taldi H.G. þörf á að halda hádegisverð í Stavanger, þrátt fyrir þetta. H.G. tók fram, að óvíst væri, að norskri dómsmálaráðherrann gæti mætt í hádegisverðinum.

4. Samþykkt var á fundi nefndarinnar um daginn að bjóða frú Anderssen-Rysst að vera viðstödd afhendingu stytunnar. Í símtalinu spurðist H.G. fyrir um, hvort einnig mætti bjóða dóttur hennar, frk. Rannveig Anderssen-Rysst, og greiða far fram og til baka fyrir þær báðar, þar eð hann taldi að þetta tvennt mundi verða afgerandi um hvort frúin gæti þegið boðið.

5. Loks tjáði H.G. mér, að styttn og stöpullinn væri hvorttveggja komið til Rivedal og uppsetning byrjuð.

6. Hér með sendist afrit af kvæði Árna G. Eylands, sem getið var um á fundinum. Afstöðu þarf að taka til, hvort óska á eftir að bæta upplestri hans inn í dagskrána.

Ég hafði ekki hugsað mér að kalla saman nefndarfund vegna ofangreindra atriða, en afstöðu þarf að taka til eftirfarandi:

Hvort halda á hádegisverð í Bergen

Hvort greiða á fargjald frú Anderssen-Rysst og dóttur hennar

Hvort Ární G. Eylands á að lesa upp kvæði sitt

Mun ég hafa símasamband við nefndarmenn næstu daga varðandi álit þeirra á ofangreindum atriðum.

Reykjavík, 21. ágúst 1961.

B. B.

Árni G. Eylands

INGÓLFUR Í HRÍFUDAL

I.

Heim er ég kominn af hafi, h
hafði útivist langa,
heilsa mér bernsku-byggðir,
blærinn strýkur um vanga;
orðinn útlendingur
á ættar minnar Fjöllum,
ber ég kveðjur frá Keili
og Kollafjarðardölum.

Ber ég kveðjur frá köldu,
en kostaríku landi,
þar sem bylgjurnar brotna
á breiðum Rangársandi,
landi athafna og anna,
ögrum jökla-brúnum,
þar sem grænast grasið
grær á víðustum túnum.

Flúði ég feðra óðul
forðum og akra missti,
úthafsins bláu, breiðu
bárur kjölurinn risti,
fjöll risu úr ægi undir
undrum nørðurljósa,
blöstu við stórar strendur,
straumar mikilla ósa.

Fagnaði mér af flæði
frjómolð og gróður ríkur,
goðin mér gæfuveginn
greiddu til Reykjavíkur,
ómæli Faxaflóa,
fella og heiða gisti,
þar var ég láðs og lagar
landnámsmaðurinn fyrsti.

Húsaði bæ og bjó mér
bólstað í kjarra-skógi,
braut mér aftur og arði
akra með grefi og plógi;
öndvegissúlur ættar
ennþá að nýju reisti,
bönd við Sóleyjar-svörðinn
sæhrjúfum mundum treysti.

Árni G. Eylands

INGÓLFUR Í HRÍFUDAL

I.

Heim er ég kominn af hafi, h
hafði útivist langa,
heilsa mér bernsku-byggðir,
blærinn strýkur um vanga;
orðinn útlendingur
á ættar minnar Fjöllum,
ber ég kveðjur frá Keili
og Kollafjarðardölum.

Ber ég kveðjur frá köldu,
en kostaríku landi,
þar sem bylgjurnar brotna
á breiðum Rangársandi,
landi athafna og anna,
ögrum jökla-brúnum,
þar sem grænast grasið
grær á víðustum túnum.

Flúði ég feðra óðul
forðum og akra missti,
úthafsins bláu, breiðu
bárur kjölurinn risti,
fjöll risu úr ægi undir
undrum nörðurljósa,
blöstu við stórar strendur,
straumar mikilla ósa.

Fagnaði mér af flæði
frjó mold og gróður ríkur,
goðin mér gæfuveginn
greiddu til Reykjavíkur,
ómæli Faxaflóa,
fella og heiða gisti,
þar var ég láðs og lagar
landnámsmaðurinn fyrsti.

Húsaði bæ og bjó mér
bólstað í kjarra-skógi,
braut mér aftur og arði
akra með grefi og plógi;
öndvegissúlur ættar
ennþá að nýju reisti,
bönd við Sóleyjar-svörðinn
sæhrjúfum mundum treysti.

Gerði mér hof í holti,
helgaði þannig völlinn,
nábyllis naut við Ægi,
náttleysi vors og fjöllin;
þó að vantaði þallir,
þar var minn kostur ærinn,
þegar andaði um annes
og eyjar morgunblærinn.

Flest er frumbýlings þörfin,
furðu mörgu að sinna,
lið mitt kallaði og landið
leiðir og ráð að finna;
gjöfufull var fjara og fitin,
fengsælt við margan ósinn,
strandlengis austan frá Eyrum,
- Elliðavogur, Kjósinn.

II.

Áður en greindi orðinn var ég Íslendingur;
út við Gróttu aldan syngur,
eillífð sær og fjallahringur.

Esjan horfir yfir til mín alla daga,
landnám mitt er sigur-saga,
sólin skín um völl og haga.

Yfir nýjar athafnir og óðalslendur,
flest á traustum stofni stendur,
stefnu marka geð og hendur.

Yr
Yrði mér um óttu hugað austur í Fjörðu,
ljóst mér vaka og verkin gjörðu,
veg minn hér á nýrri jörðu.

Minna niðja verka-vé og vona-leiðir,
æskumanninn Ísland seiðir,
allir dagar stjörnuheiðir.

III.

Stend ég á ströndum báðum
stari um aldahaf,
mikil úrræða-örlög
Ísland Noregi gaf;
ljúft er mér boð að bera
bræðrum um norðurál,
styrkja stuðluðum tökum
starfanna Hávamál.

Enn á ég frændur á Fjöllum,
fleiri í Reykjavík,
þar reyndist gæfan gjöful,
góðráð og fangarík;
ennþá er Grófin gengin
og gatan suður með Tjörn,
enn leika úti á stéttum
Íslensk landnemabörn.

Er mæla á máli Snorra
og mínu við leik og gjörð,
máli sem orð á yfir
"allt sem er hugsað á jörð".
Vér geymdum það gull í nauðum,
til gæfu, er lýsa tók,
Norðurlönd öll sóttu auð í
Eddu og Flateyjarbók.

IV.

Kröpp urðu kjör um aldir,
kalt blés af margri átt,
reyndi á þolrif þjóðar-
þegna á margan hátt,
oft var rökkur ú rönnum,
rofnar sættir og grið,
Noregur átti þá einnig
erfiða sókn á mið.

Loks urðu draumar að dögum
dáða og tíma nýs,
frændþjóð í fjörðum og dölum
til fangbragða stórra rís;
vér komum einnig á eftir,
áttum brattari slóð,
sóttum í söguna og málið
seigluna er tæpast stóð.

V.

Landnám á Fjöllum og Fróni,
framsókn á landi og sæ,
hróður og gleði í görðum,
gróður og spírandi fræ;
það er svo margt að muna,
mikið sem gera skal,
- stutt er nú orðið frá Engey
austur í Hrífudal.

Íslenzkir farmenn erja
útsæ og háloft við,
granir grænar um vetur
gróa í Undirhlíð.
Sogið sýður á hjólum,
sendir birtu og yl
út yfir breiðar byggðir,
blessum og þáttaskil.

VI.

Þar sem ég eitt sinn átti
uppsátur mitt og vör,
hafskip leggja frá landi,
leið er mörkuð og för,
hátt er nú siglt og haldið
á horskra vina fund,
því stend ég eftir aldri
aftur á norðri grund.

Heil eru handartökin,
heitið á Krist og Þór,
gott er grönnum að veita,
gæfa og framtíð stór;
styrkari aldrei stofninn
stóð á mikilli rót,
Íslenzkir menn og Austmenn,
ársæld og frændamót.

"Fögur er hlíðin", sem forðum,
fagnar oss land og sær,
hvar sem vér iðjum og erjum,
allt sem dafnar og grær;
kyljur þótt komi stundum
kunnum vér gegn því rök,
það er að haldast í hendur,
herða röður og tök.

Höldum svo fram sem horfir,
himinn og jörð er vor,
nú skilja engir álar
átök og heillaspor.
Stend ég á ströndum báðum,
stýra skal kjörna leið,
sagnbjart er yfir sundum
við Sólund og Hafnarskeið.

Rivedal, 17. sept. 1961.